

Nefndasvið Alþingis
Hildur Edwald,
skjalaritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. nóvember 2018
2018110006/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um landgræðslu -232. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 1. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um landgræðslu, 232. mál.

Náttúrufræðistofnun telur framangreint frumvarp mjög til bóta og vera til þess fallið að styrkja lög um landgræðslu þannig að þau taki mið af þeim breytingum sem hafa orðið í þessum málaflokki á sviði sjálfbærrar landnýtingar þ.m.t. náttúruverndar.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1, Í d lið 2. gr. frumvarpsins segir: *hver sá sem veldur spjöllum á gróður- og jarðvegsauðlindinni bæti fyrir það tjón.* Hér fer líklega betur á að tala um spjöll á gróðri og jarðvegi þar sem hugtakið gróður- og jarðvegsauðlind er mun óræðara hugtak, þó auðskiljanlegt sem slíkt, þegar kemur að skírskotun til athafna einstaklinga eða fyrirtækja á einstökum svæðum, sbr. t.d. 10. og 13. gr.

2. Í a lið 3. gr. segir: *byggja upp og endurheimta röskuð vistkerfi landsins og líffræðilega fjölbreytni þeirra.* Hér þarf að laga texta greinarinnar því varla er það markmið með landgræðslu að endurheimta röskuð vistkerfi. A liður gæti því orðast svona: **byggja upp og endurheimta vistkerfi landsins sem hefur verið raskað og líffræðilega fjölbreytni þeirra,**

3. Í a lið 4. gr. fer líklega betur að hafa orðið vistkerfi í fleirtölu þar sem líklegt er að stór og lítil landsvæði hafi meira en eina gerð af vistkerfum.

4. Í 6. gr. er fjallað um landgræðsluáætlun og þar segir m.a. að ráðherra skuli samræma landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt samkvæmt lögum um skóga og skógrækt. Í umsögn um frumvarp til laga um skóga og skógrækt gerir Náttúrufræðistofnun athugasemd við að verkefnisstjórn um landsáætlun í skógrækt skuli ekki t.d hafa fulltrúa þeirra stofnana sem fást við náttúruvernd. Náttúrufræðistofnun telur það mun árangursríkara að



Landgræðslan eigi fulltrúa í landsáætlun um skógrækt og öfugt en einnig að fulltrúar almennrar náttúruverndar, s.s. Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun eigi einnig sæti í framangreindum verkefnisstjórnnum. Þetta mun einnig auðvelda ráðherra að samræma þessar áætlanir sem og t.d. öðrum áætlunum skv. náttúruminjaskrá.

5. Í 7. gr. um svæðisáætlanir um landgræðslu er lagt til að þar sem segirað teknu tilliti til skipulagsáætlana og náttúruverndar..... verði.....að teknu tilliti til skipulagsáætlana og laga um náttúruvernd.... Skipulagsáætlanir eru ætíð í samræmi við skipulagslög en orðið náttúruvernd getu haft almenna þýðingu sem má túlka og því eðlilegra að nota lög um náttúruvernd en gera má ráð fyrir átt sé við þau sbr. greinargerð og t.d. 12. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að skírskotað sé beint til laga um náttúruvernd þar sem stundum hefur brugðið við að notaðar séu aðferðir til uppgæðslu (t.d. notkun lúpínu) sem hæglega geta stangast á við vernd náttúrulegra vistkerfa.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

